

**Ed.**

**643. Nefndarálit**

um frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega, eftir því sem tími hefir unnið til, og rætt málið ýtarlega við rektor Pálma Hannesson, sem sennilega hefir mesta þekkingu hérlandra manna í þessu efni, enda átt mikinn þátt í samningu frumvarpsins.

Því miður hefir nefndin ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu málsins. Minni hl. (PM) vill gera á frv. allverulegar breytingar.

Meiri hl. nefndarinnar lítur aftur svo á, að lax- og silungsveiði sé svo mikilvæg atvinnugrein fyrir fjölmarga landsbúa og að mörg ákvæði frv. séu

ákvæði þess eru verð nánari athugunar, en þar sem væntanlega er komið að þinglausnum, er ekki hættandi á að gera breytingar, enda er þeirra ekki brýn þörf þegar í stað.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1932.

Páll Hermannsson,  
form.

Jón Jónsson,  
frsm.